

Sp.

620. Nefndarálit

[106. mál]

um till. til þál. um fækkun og stækkun sveitarfélaga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa og m. a. sent hana til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og mælir sambandið með samþykkt hennar. Undirritaður minni hluti nefndarinnar álitur hin takmörkuðu ákvæði sveitarstjórnarlaganna um sameiningu hreppa eigi geta verið því til fyrirstöðu, að ríkisvaldið hafi á hendi nauðsynlegt frumkvæði í þessum málum í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og sýslufélögin. Hlýtur Alþingi að vera réttur vettvangur til umræðna og ráðagerða um skiptingu landsins í sveitarfélög, þótt málið þurfi vitanlega að bera undir fleiri aðila, áður en endanleg stefna er mörkuð.

Minni hluti nefndarinnar telur ríka nauðsyn til bera, að athugun fari fram á nýrri skiptingu landsins í sveitarfélög, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. Tillögungreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og sýslunefndirnar nýja skiptingu landsins í sveitarfélög, er miði að fækkun þeirra og stækkun.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um athugun á nýrri skiptingu landsins í sveitarfélög.

Alþingi, 6. maí 1964.

Jón Þorsteinsson,
form., frsm.

Pétur Sigurðsson.

Sverrir Júlíusson.